

Tilkynningar frá farsóttanefnd og viðbragðsstjórn janúar – sept 2020. Bylgja 1 og 2.

Birt á miðlum spítalans

Nr. tilk.	Dags.	Efni
1.	21.01.2020	Farsóttanefnd kemur saman vegna faraldurs 2019-nCov sem er faraldur öndunarferasýkinga frá Wuhan, Kína. Beðið er niðurstöðu fundar WHO um málið en hann verður haldinn 22.1. Þá kemur í ljós hvaða frekari ráðstafana þarf að grípa til.
2.	23.01.2020	Nýr faraldur öndunarveirusýkinga af völdum áður óþekktrar kórónuveiru er hafinn. Byrjaði um áramótin og virðist fyrst og fremst bundinn við borgina Wuhan í Kína. Smit á milli manna virðist ekki vera mjög greitt, fá dæmi um það. Tilkynnt verið um yfir 400 tilfelli og 9 dauðsföll, öll hjá eldri eða ónæmisbældum einstaklingum. Sóttvarnarstofnun Evrópu telur frekar líklegt að tilfelli muni berast til Evrópu. Hins vegar sé frekari dreifing innan landa Evrópu frekar ólíkleg. Sett fram skilgreining á tilfelli, skimunarspurningar vegna ferðalaga og ráðlagt um hlífðarbúnað eins og um snerti- úðasmit sé að ræða (hlífðarsloppur, hanskar, fínagnagríma (FFP2/N95 að lágmarki og hlífðargleraugu. Gera ráð fyrir úðasmitseinangrun. Ráðlagt að senda hálsstrok í veiru- og bakteríu PCR og íhuga mótefnaleit í þvagi fyrir legionella og pneumococcum. Ef ástæða til að leita að 2019-nCoV Wuhan þá þarf að senda sýni erlendis.
3.	30.1.2020	Landspítali á óvissustigi. Spítalinn stigaður vegna yfirvofandi atburða.
4.	27.02.2020	Landspítali á óvissustigi Vakin er athygli á upplýsingasíðu á innri vef Landspítala (Upplýsingasíða: Kórónaveiran Covid-19). Þar er tengill sem er uppfærður reglulega um skilgreind svæði með smitáhættu. Starfsfólk hvatt til að kynna sér hvaða lönd þetta eru svo unnt sé að bregðast við með réttum hætti.
5.	28.2.2020	Landspítali á óvissustigi. Fyrsti sjúklingurinn lagður inn með COVID-19.
6.	01.03.2020	Landspítali á óvissustigi. Skilgreindum áhættusvæðum hefur fjölgað og því hefur farsóttanefnd ákveðið að starfsmenn Landspítala sem komu frá Ítalíu 29.02.2020 kl. 08:00 verði í heimasóttkví í 14 daga. Starfsmenn í heimsóttkví sem fá einkenni sem geta bent til COVID-19 skulu hringja í 1700 eða sína heilsugæslustöð og láta yfirmann vita. Þá þarf að upplýsa á netfangið sykingavarnadeild@landspitali.is
7.	03.03.2020	Landspítali á óvissustigi. Ef starfsmaður greinist með COVID-19 skal hann láta yfirmann sinn vita og sá upplýsir sýkingavarnadeild. Starfsmenn Landspítala sem koma erlendis frá, frá og með 29.02.2020 kl. 08:00 og eru með einkenni sem geta bent til COVID-19 skulu hafa samband við starfsmannahjukurun@landspitali.is eða í síma 543 1330 á dagvinnutíma. Ákveðið að halda Bráðadaginn en ekki árshátíðina um kvöldið.
8.	05.03.2020	Landspítali á óvissustigi. Ákvarðanir vegna Bráðadagsins 6.3.2020. Bráðadagurinn verður haldinn en ekki árshátíðin. Miðar verða endurgreiddir. Þetta er rökstutt þannig að ekki stendur til að fella niður kennslu eða fræðslufundi að svo komnu máli en ekki þykir skynsamlegt

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		að efna til svo fjölmennrar skemmtisamkomu heilbrigðisstarfsfólks sem hér um ræðir.
9.	06.03.2020	Landspítali á óvissustigi. Allar legudeildir spítalans lokaðar gestum allan sólarhringinn nema í sérstökum undantekningatilfellum.
10.	07.03.2020	Landspítali á óvissustigi. Tímabundin leyfi sjúklinga Landspítala óheimil en sjúklingar sem eru í leyfi geta snúið til baka á sjúkrahúsið. Starfsmenn Landspítala sem koma frá öllum skíðasvæðum í Austurríki verða í sóttkví í 14 daga – gildir frá laugardeginum 7.mars 2020.
11.	08.03.2020	Landspítali á óvissustigi. Sjúklingar sem eiga bókaða tíma á dag- og göngudeildir eru beðnir um að mæta án fylgdarmanns ef kostur er.
12.	09.03.2020	Landspítali á óvissustigi. Hermisetur lokað vegna sóttkvíar starfsmanna. Virkar skurðstofur í Fossvogi eru 4 í stað 8 vegna sóttkvíar starfsmanna og einni aðgerð frestað í dag. Gjörgæslurými í Fossvogi eru 4 í stað 6 vegna sóttkvíar/einangrunar starfsmanna.
13.	10.03.2020	Landspítali á óvissustigi.. Ekki er talin ástæða til að starfsmenn Landspítala flytji starfsstöðvar sínar heim nema um sé að ræða sóttkví viðkomandi. Endurmetið daglega.
14.	11.03.2020	Landspítali á hættustigi. Allar ákvarðanir um takmarkanir eða breytingar á starfsemi spítalans vegna Covid-19 eru háðar ákvörðun farsóttarnefndar spítalans eða sóttvarnalæknis. Þetta gildir um funda- og námskeiðahald sem og umgengni um matsali. Nánari tilkynningar um þetta er að vænta í dag frá forstjóra og formanni farsóttarnefndar Landspítala. <i>Tilkynning frá forstjóra og formanni farsóttarnefndar:</i> - Vegna Covid-19 faraldurs sem nú fer um samfélagið vilja undirritaðir árétta að á Landspítala, á því neyðarstigi sem Almannavarnir ríkisins hafa lýst yfir, gildir viðbragðsáætlun Landspítala vegna farsóttar. - Landspítali er nú á hættustigi, skv. farsóttakafli viðbragðsáætlunar spítalans (bls. 40 og 41). Farsóttarnefnd, ásamt forstjóra, stjórnar aðgerðum og tekur ákvarðanir í umboði viðbragðsstjórnar spítalans. - Landspítali hefur gripið til þeirra ráðstafana að aflýsa öllum náms- og ráðstefnuferðum starfsmanna erlendis þar til annað verður ákveðið. Þá hefur Landspítali fylgt skilgreiningu sóttvarnalæknis á hættusvæðum og fara því starfsmenn sem farið hafa um þau svæði í sóttkví. Gert er ráð fyrir að allt starfsfólk fylgi ítrustu reglum um sóttvarnir og almennt hreinlæti á öllum starfsstöðvum spítalans. - Ekki er um að ræða, að svo stöddu, frekari aðgerðir eða tilmæli til starfsmanna um takmarkanir á umgengni (m.a. í matsölum), fundarhöldum eða frestun námskeiða. Því er beint til starfsmanna og stjórnenda að fylgjast vel með daglegum tilkynningum farsóttarnefndar sem birtist á miðlum Landspítala dag hvern um kl. 13:00.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		Farsóttanefnd Landspítala beinir þeim tilmælum til allra stjórnenda dag- og göngudeilda að skipuleggja starfsemi næstu daga og vikna með það að markmiði að draga úr umferð fólks á spítalanum. Í því felst að meta hvaða komum má fresta, hvaða komur er hægt að afgreiða gegnum síma eða með fjarfundi við viðkomandi skjólstæðing og hvaða komur verða að eiga sér stað með hliðsjón af ástandi sjúklings og öryggi hans. Mikilvægt er að huga að því að forðast að fólk bíði lengi á biðstofum eftir viðtali eða meðferð. Bent er á þann möguleika að hafa fjarfund með skjólstæðingum og eru nánari upplýsingar um það hér. Til hliðar við þessar ráðstafanir er einnig mikilvægt að hver eining geri áætlun um móttöku og meðferð fólks í sóttkví og heimaeinangrun sem metið er að verði að koma til meðferðar.
15.	12.03.2020	Landspítali á hættustigi. Forstjóri boðaði til sameiginlegs fundar viðbragðsstjórnar og farsóttarnefndar í samræmi við viðbragðsáætlun Landspítala 1. Tilkynningar um sértækar ráðstafanir/tilmæli á Landspítala vegna Covid-19 í dag. Rekstrarvá. a. Fyrirsjáanleg er verulega skert starfsemi skurðstofa og gjörgæslu vegna einangrunar og sóttkvía starfsfólks. Grípa verður til sérstakra ráðstafana vegna þessa. Tillaga verður um sérstaka útfærslu sóttkvíar tiltekinna starfsmanna í ljósi aðstæðna í samræmi við tillögu sóttvarnalæknis. Útgefið kl. 16:00 í dag. b. Öllum valaðgerðum sem framkvæma átti á tímabilinu 12.3-15.3 verður frestað, þ.m.t. aðgerðum í samræmi við biðlistatak vegna liðskipta. c. Rúmum á A-7 fækkað úr 18 í 16 í samræmi við Covid-álag. d. Matsalir starfa áfram venju samkvæmt. Starfsmenn gæta að vanda ítrasta hreinlætis. e. Stjórnendur, í samvinnu við forstöðumenn og framkvæmdastjóra, áhættumeta starfsemi sína og grípa til viðeigandi ráðstafana varðandi vinnustöðvar starfsmanna sinna ef ástæða þykir til. f. Gert er ráð fyrir að við innganga sem opnir eru verði eftirleiðis starfsmenn sem stýri umferð. g. Ítrekað er að í gildi er það viðmið að einungis starfsmenn sem eru útsettir fyrir Covid-smiti (frá hættusvæðum eða innanlands) þurfi slíka sýnatöku og er þeim sinnt af starfsmannahjúkrunarfræðingum.
16.	12.03.2020	Landspítali á hættustigi. Verknám til skoðunar í samstarfi við skólayfirvöld/kennslustjóra Umgengisleiðbeiningar vegna samkomubanns sóttvarnalæknis (frá 15.3.) verða gefnar út á sunnudag. Farsóttanefnd hvetur alla starfsmenn með heilbrigðismenntun að gefa sig fram á bakvardasveit@landspitali.is Vakin sérstök athygli á fræðsluerindi Lovísu Bjarkar Ólafsdóttur um

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		heimsfaraldur kórónavíruss á Workplace-viðburðir. <u>Mikilvæg tilkynning vegna sóttkvíar B:</u> Í ljósi aðstæðna sem uppi eru í samfélaginu vegna dreifingar Covid-19 sjúkdómsins hefur þeim almennu tilmælum verið beint til þeirra sem mögulega eru útsettir fyrir veirunni sem sjúkdómnum veldur að þeir sæti heimasóttkví (Sóttkví A). Farsóttanefnd Landspítala hefur í samstarfi við sóttvarnalækni ákveðið að við sérstakar aðstæður, þar sem aðrar leiðir eru ekki færar, kann að koma til þess að klínískir starfsmenn Landspítala í sóttkví fái heimild til að snúa til vinnu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slík sóttkví kallast sóttkví B til aðgreiningar frá hinni almennu sóttkví. Hér er um sérstaka aðgerð að ræða í ljósi mjög krefjandi umhverfis við fordæmalaugar aðstæður. <u>Skilyrði fyrir sóttkví B:</u> 1. Nauðsynleg þörf er fyrir vinnuframlag viðkomandi starfsmanns að mati yfirmanna til að tryggja tiltekna starfsemi. 2. Starfsmaður er einkennalaus Starfsmenn þurfa að fylgjast með einkennum daglega skv. eftirlitslista. Fara úr vinnu strax ef einkenna verður vart og hafa samband við sinn yfirmann. 3. Starfsmaður notar hlífðarbúnað í allri umgengni við sjúklinga Langerma hlífðarsloppur Hanskar Skurðstofugríma 4. Starfsmaður sinnir handhreinsun skv. grundvallarsmitgát 5. Starfsmaður fer í sýnatöku fyrir Covid-19 Í upphafi vinnu meðan hann er í sóttkví B (sýni tekið á starfsstöð viðkomandi) Á þriggja daga fresti meðan á sóttkví B stendur (sýni tekið á starfsstöð viðkomandi) 6. Starfsmaður í sóttkví B sækir ekki önnur rými á Landspítala en nauðsynleg eru starfs hans vegna.
17.	14.03.2020	Landspítali á hættustigi. Einum gangi á geðdeild 33A hefur verið lokað vegna COVID smits og sjúklingar fluttir annað. Starfsmenn eru í sóttkví. Ákveðið að halda verklegu námi áfram að því marki sem unnt er af öðrum ástæðum. Kennarar og umsjónarmenn klínískrar kennslu eru beðnir um að brýna fyrir nemendum almenna smitgát, fara í einu og öllu eftir þeim reglum sem settar hafa verið fram á vef EL og Landspítala vegna COVID-19. Breyta kennsluháttum þannig að degið verður úr fjölda nemenda í hverju rými. Tryggja að ekki sé boðað til kennslu eða leiðbeiningar margra nemenda í þröngum rýmum. Dregið hefur verulega úr skipulögðum aðgerðum/valaðgerðum á skurðstofum í Fossvog og því gefa tölur um frestun aðgerða ekki rétta mynd. Þessa viku hafa skurðstofur í Fossvogi starfað á u.þ.b. 30% af hefðbundinni afkastagetu. Skurðstofur við Hringbraut starfa á fullum

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		afköstum. Öllum bráðum aðgerðum er sinnt, venju samkvæmt.
18.	15.03.2020	Landspítali á hættustigi. Aðgangsstýring að Landspítala verður hert og birtist sérstök tilkynning um það síðar dag. Umgengnisreglur vegna samkomubanns taka gildi 16. mars og verða birtar síðar í dag. Klínísk vinna kallar á nánd sem ekki verður undan komist enda er öryggi sjúklinga í fyrirrúmi. Reglur munu m.a. ná til matsala og er gert ráð fyrir að sjálfsskömmun verði hætt og matur afgreiddur í einnota/margnota umbúðum. Daglegir stöðumatsfundir kl. 11:15 fara eftirleiðis eingöngu fram fram á Workplaceþræði stöðumatsins þar til annað verður ákveðið. Sjúkrahúsfatnaður verður til reiðu á Kleppi fyrir þá starfsmenn sem sinna sjúklingum sem eru í sóttkví. Þeim tilmælum verður beint til skólayfirvalda að börn framlínustarfsfólks Landspítala fái óbreytta þjónustu hjá leik- og grunnskólum.
19.	16.03.2020	Landspítali á hættustigi. Unnið er að útfærslu þess hvernig rýmum fyrir Covid-19 veika verður fjölgað eftir því sem þörf verður á. Gjörgæsla í Fossvogi og A7 eru þegar undirbúnar og undirbúningur stendur yfir vegna útfærslu annarra deilda/eininga eftir því sem þörf skapast. A7 fer í 11 rúm frá og með deginum í dag. Göngudeildarþjónusta við Covid-19 sjúklinga í heimahúsum hefur verið efld. Mikilvægt að sinna sjúklingum heima eins lengi og hægt er. Áréttað að allir sjúklingar sem þarfnast innlagnar fara á sína kjördeild nema um sé að ræða innlögn vegna Covid-19 veikinda. Ef sjúklingur er í sóttkví er henni framhaldið á kjördeildinni. Í Fossvogi eru nú 3 af 8 skurðstofum opnar og dregið hefur verulega úr valaðgerðum. Síðar í vikunni mun einnig draga úr valkvæðri starfsemi við Hringbraut. Útfærsla hólfunar bráðamóttöku hefur verið ákvörðuð og undirbúningur hafinn. Starfsfólk Landspítala sem á börn í leik- og grunnskóla getur óskað eftir óbreyttri skólasókn barna sinna vegna starfa á Landspítala. Allar fyrirspurnir vegna nemenda í klínísku námi eiga að fara til deildarstjóra menntadeildar: hrundsch@landspitali.is
20.	17.03.2020	Landspítali á hættustigi. Dregið hefur úr skurðstofustarfsemi í Fossvogi og við Hringbraut. Af 18 skurðstofum sem venjulega eru keyrðar eru 8 nú í notkun. Valaðgerðir hafa að mestu verið lagðar af – en bráðum og lífsbjargandi aðgerðum er sinnt venju samkvæmt. Fyrirsjáanlegur skortur á strokpinnum og hvarfefnum. Mælt til að starfsfólk Landspítala sem er með einkenni haldi sig heima og einungis verði tekin stök m.t.t. Covid-19. Sjá tilkynningu frá formanni farsóttanefndar og framkvæmdastjóra lækninga. Áætlun vegna nema í starfsnámi á Landspítala verður uppfærð. Gert er ráð fyrir að verknám 1 og 2 árs nema í heilbrigðisvísindum falli niður. Sjúkraliðanemar eru til sérstakrar skoðunar. Náms- og ráðstefnuferðir starfsmanna verða ekki heimilar í

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		aprílmánuði. Útfærsla skólastarfs vegna samkomubanns stendur yfir og stýra Almannaþingin forgangi barna framfærslustarfsfólks.
21.	18.03.2020	Landspítali á hættustigi. Mikilvæg tilkynning um meðferð persónuupplýsinga COVID-19 smitaðra verður birt á vef spítalans í dag. COVID-19 göngudeild er tekin til starfa og sinnir þjónustu við alla COVID smitaða. Markmið þjónustunnar er náð eftirlit með þessum einstaklingum og stuðningur í mögulegum veikindum heima við.
22.	19.03.2020	Landspítali á hættustigi. COVID-19 göngudeild hefur nú eftirlit með 318 sjúklingum og sinna þjónustunni 30-40 lækna og hjúkrunarfræðingar. Unnið að húsnæðismálum bæði fyrir þá sem sinna fjarheilbrigðisþjónustunni við hópinn og hina smituðu sem þurfa að koma til mats á spítalann í kjölfar heimavitjunar. Faglegir bakhjarlar göngudeildarinnar eru smitsjúkdómalæknar og farsóttanefnd. Breytingar verða nú á legudeildastarfsemi. Deild A7 tekur einungis við Covid-19 sjúklingum. Þegar sú deild er full tekur A6 við sjúklingum og aðrar deildir í A álmu í kjölfarið, að deild A2 undanskilinni. Minnt er á að stöðumatsfundum er streymt á Workplace og upptökur eru aðgengilegar þar. Helstu upplýsingar og fréttir, sérstaklega um Covid-19 er þar komið á framfæri.
23.	20.03.2020	Landspítali á hættustigi Covid-19 göngudeildin stækkar hratt. Úthringiver verður í Skaftahlíð. Unnið að húsnæðisbreytingum í Birkiborg þar sem aðkallandi þjónustu verður sinnt, brýnni þjónustu í gámum. Stjórnendur: Ragnar Freyr Ingvarsson er yfirlæknir ásamt Tómasi Þór Ágústssyni, Sólveig Sverrisdóttir er deildarstjóri og Geirný Ómarsdóttir henni til fulltingis. Á hverjum tíma eru 5-10 sérnámslæknar og 20-30 hjúkrunarfræðingar við störf á deildinni. Tölulegar upplýsingar liggja fyrir frá Landspítala, m.a í teljara á ytri vef, birtast um kl. 13:00 dag hvern. Komi upp Covid-19 smit á deild ber stjórnendum að fylgja málum eftir, sjá leiðbeiningar sem birtast síðar í dag. Starfsmenn geta ekki sinnt störfum á fleiri en einni deild. Mikilvægt er að starfsfólk taki viðeigandi ákvörðun um hvar starfskröftum þeirra er best varið. Í dag koma öndunarvélar frá Bandaríkjunum sem eru gjöf til spítalans frá einkaaðilum.
24.	21.03.2020	Landspítali á hættustigi Deild A7 sem einungis tekur við sjúklingum í Covid-19 einangrun er nú full og tekur deild A6 við næstu sjúklingum. Þungaðir starfsmenn í starfi á Landspítala, gildir um alla í þessari stöðu: Tilkynning frá farsóttanefnd Landspítala. Starfsmenn og nemar sem fara á milli starfseininga: Farsóttanefnd beinir þeim tilmælum til stjórnenda sem eru með starfsmenn sem taka vaktir á öðrum deildum en sinni heimadeild að lágmarka allt slíkt eins og kostur er. Starfsfólk ætti ekki að fara milli húsa til að taka vaktir á annarri deild. Horfa þarf til afleiðinga þess fyrir rekstur deildar ef hún fær ekki þetta vinnuframlag. Athugið! Þetta á ekki við þegar óskað er

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		eftir vinnuframlagi starfsfólks vegna faraldursins. Flæði sjúklinga í Covid-19 einangrun liggur fyrir.
25.	22.03.2020	Landspítali á hættustigi Farsóttanefnd ítrekar tilmæli til starfsmanna um að virða reglu um 2 metra fjarlægð alls staðar sem það er mögulegt, þ.m.t. í matsölum, vaktherbergjum og kaffistofum. Því er beint til stjórnenda að gera viðeigandi ráðstafanir þar sem því er við komið. Ákveðið hefur verið að fella niður starfsnám 4 árs hjúkrunarnema.
26.	23.03.2020	Landspítali á hættustigi Ítrekaðar eru almennar leiðbeiningar frá sóttvarnalækni um hlífðarbúnað starfsfólks og almenna smitgát. Aðrar reglur gilda um bráðamóttökur vegna sérstakrar útsetningar þeirra deilda. Útfærsla breytinga vegna samkomubanns eru í vinnslu og ná til matsala, m.a. á Sjúkrahótel Landspítala. Talið verður inn í matsali frá og með morgundeginum. Fyrirhugaðri uppfærslu á Heilsugátt á morgun, 24. mars, verður frestað vegna mögulegrar rekstrarhættu í viðkvæmu ástandi. Ákvörðunin byggir á ráðleggingum heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar (HUT).
27.	24.03.2020	Landspítali á hættustigi Þeim tilmælum er beint til starfsmanna að huga einnig að smitgát utan vinnustaðarins. Samkomur starfsmanna, þó færri séu en 20, gætu skapað smithættu og er því vinsamlega beint til starfsfólks að forðast slíka viðburði. Stjórnendur eru sérstaklega beðnir að huga að þessu. Móttaka sjúklinga með COVID-19 sem ekki þurfa gjörgæslu: Á A7 - 17 rými eru opin fyrir COVID-19 smitaða Á A6 - 15 rými eru opin fyrir COVID-19 smitaða og grun um smit Deild B5 tekur við öðrum sjúklingum þar til nauðsyn verður á að opna upp rými þar vegna COVID-19 Göngudeild COVID-19 í Birkiborg tekur til starfa í dag og eru sjúklingar í þörf fyrir mat boðaðir þangað. Matsalir bregðast nú við hertu samkomubanni. Unnið er að þeim möguleika að deildir geti pantað mat fyrir starfsfólk og fengið sent á deildir. Starfsmenn beðnir að sýna biðlund, gæti tekið nokkra daga í útfærslu. Viðbragðsstjórn og farsóttanefnd vill sérstaklega minna okkur öll á samskiptasáttmálann. Við komum fram af virðingu og hlýju við samstarfsfólk okkar, eins og alla aðra – allir eru að leggja sig fram við óvenjulegar aðstæður.
28.	25.03.2020	Landspítali á hættustigi Móttaka COVID-19 veikra barna sem þarfnast innlagnar verður á 23E, þar sem nú er dagdeild barna og flyst það starf á barnadeild 22E. COVID-19 göngudeild barna verður í Birkiborg, eins og hjá öðrum COVID-19 veikum. Þarfnist starfsmenn, sem ekki eru í sóttkví eða einangrun, húsnæðis vegna aðstæðna heima fyrir (sóttkví/einangrun heimilisfólks) getur starfsmaður í samstarfi við næsta yfirmann haft samband við farsóttanefnd sem lítur til viðeigandi úrræða.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		Farsóttanefnd ítrekar mikilvægi þess að starfsmenn gangi vel um starfsmannafatnað. Mikilvægt er að „hamstra“ ekki fatnað sem og að ganga vel frá því sem fara á í þvott.
29.	26.03.2020	Landspítali á hættustigi Að undanfögnu hafa komið upp smit á spítalanum sem eru til komin vegna samskipta utan Landspítala – afar brýnt er að starfsmenn gæti sérstaklega að sér utan vinnustaðarins og fari í einu og öllu að tilmælum sóttvarnalæknis. Vegna Covid-19 smita á Landakoti eru innlagnir ekki heimilar þar, meðan unnið er að rakningu smita. Útskriftir einstaklinga heim (þó ekki á stofnanir) í sóttkví eru mögulegar en aðrar ekki. Vegna Covid-19 smita á Barnspítala Hringins verður Rjóðrinu lokað á næstu dögum. Viðbragðsstjórn og farsóttanefnd ítreka við starfsmenn að forðast eins og mögulegt er samneyti við aðra utan vinnu, í ljósi smitvarna. Uppfært flæðirit Covid-19 sjúklinga (ppt) liggur nú fyrir. B5 er nú tilbúin til að taka á móti Covid-19 smituðum sjúklingum.
30.	27.03.2020	Landspítali á hættustigi Sjúklingar sem leggjast inn vegna Covid-19 er beint á tilteknar deildir í samræmi við flæðirit sjúklinga (ppt). Allar deildir verða þó að vera undirbúnar undir að sjúklingar með Covid-19 þurfi innlögn hjá þeim eða að þeir greinist á deildinni með sjúkdóminn. Sjá uppfært skjal um einangrunarinnlagnir vegna Covid-19. Landakot verður áfram lokað fyrir innlögnum vegna Covid-19 smita sem þar hafa komið upp. Farsóttanefnd ítrekar að séu tekin sýni af starfsmönnum þá séu þeir frá vinnu þar til niðurstaða liggur fyrir. Þær deildir sem panta mat fyrir starfsfólk munu frá mánudegi fá þann mat sendan á deildina, þ.e. við Hringbraut. Fossvogur bætist svo fljótlega við, annars staðar verður þetta ekki í boði. Áriðandi er að viðhafa sóttvarnir á kaffistofum og vaktherbergjum eftir því sem framast er unnt, hér eftir sem hingað til.
31.	28.03.2020	Landspítali á hættustigi Endurlífgunarteymi í Fossvogi hefur verið endurskipulagt tímabundið og sinna hjúkrunarfræðingar bráðamóttökuútköllum í stað hjúkrunararfræðinga gjörgæslu. „Akútvagninn“ er því staðsettur á bráðamóttöku á meðan.
32.	29.03.2020	Landspítali á hættustigi Makar fæðandi kvenna mega fylgja konum í fæðingu en ekki á sængurkvennagang, eins og áður. Farsóttanefnd og viðbragðsstjórn beinir meðfylgjandi tilkynningu til barnshafandi starfsmanna og nema um störf/nám vegna Covid-19. Gestakomur á spítalann eru almennt ekki heimilar nema í undantekningartilvikum. Farsóttanefnd beinir því sérstaklega til þeirra sem þó fá þá undantekningu að undir engum kringumstæðum nýta það ef einhver einkenni, minni háttar eða meiri, gera vart við sig. Starfsfólk sem tekur afstöðu til undanþágubeiðna er beðið að hafa þetta í huga þegar mál eru metin. Gjörgæsludeild í Fossvogi hefur nú verið lokað fyrir öðrum innlögnum en Covid-19 tengdum og fleiri gjörgæslurúm, m.a. vegna annarra

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		sjúklinga sem þurfa gjörgæslu, verða opnuð á morgun. Gjörgæsla við Hringbraut starfar venju samkvæmt. Ef flytja á sjúkling með Covid-19 smit eru til þess sérstakur búnaður sem er í umsjá bráðamóttöku sem aðstoðar við flutninginn. Sími 620 1691.
33.	30.03.2020	Landspítali á hættustigi Allur þungi á Landspítala er nú á klíniska starfsemi, sérstaklega vegna Covid-19. Gert er ráð fyrir því að öll önnur verkefni víki til hliðar og kraftar starfsfólks sem vinna að slíkum verkefnum nýtist í klínískri vinnu. Ekki er gert ráð fyrir afleysingum fyrir starfsmenn sem fara til klínískra starfa. Hafi starfsmenn sem ekki sinna sinni hefðbundinni klínískri vinnu ekki nú þegar fundið kröftum sínum farveg er þeim bent á að hafa samband við sinn yfirmann. Gjörgæsludeild í Fossvogi mun í dag opna 8 ný gjörgæslurými í húsnæði vöknunar. Sú starfsemi flyst á skurðstofur. Nú eru því til reiðu 18 gjörgæslurými í Fossvogi, í stað 6. Greinist starfsmenn með Covid-19 smit er mikilvægt að slík tilkynning berist á netfangið rakning@landspitali.is sem og starfsmannahjukrun@starfsmannahjukrun.is .
34.	31.03.2020	Landspítali á hættustigi Landakot opnað fyrir innlagnir á aðrar deildir en K1 og L2. Ný deild, L5 verður opnuð í dag og tekur við sjúklingum. Farsóttanefnd og viðbragðsstjórn hafa ákveðið að aðstandendur kvenna í keisarafæðingu geti ekki fylgt þeim á skurðstofu. Þeir fá þó að koma stutta stund til að hitta móður og barn. Ekki verður breyting á viðveru aðstandenda kvenna í hefðbundinni fæðingu að sinni en brýnt er fyrir aðstandendum að koma ekki ef þeir hafa minnstu einkenni tilfallandi veikinda. Einstaklingar sem ekki geta verið í einangrun heima fyrir geta fengið aðstöðu í sóttvarnahúsinu við Rauðarárstíg. Göngudeild Covid-19 eða legudeildir, eftir atvikum, munu hafa milligöngu um þetta úrræði.
35.	01.04.2020	Landspítali á hættustigi Deildir sem nú taka við Covid-19 greindum sjúklingum og með grun um Covid-19 eru A7, A6 og nú hefur B5 hafið móttöku sjúklinga úr þessum hópi. Viðbragðsstjórn og farsóttanefnd hafa áður gefið út þau almennu tilmæli að starfsfólk legudeilda Landspítala starfi ekki á tveimur stöðum og fari ekki milli húsa. Frá þessu getur verið nauðsynlegt að víkja í sérstökum aðstæðum til að tryggja öryggi sjúklinga og starfsfólks. Slíkt er þá gert með samþykki og leiðsögn farsóttanefndar. 18 gjörgæslurými eru nú í Fossvogi á gjörgæsludeild og vöknun sem að mestu sinna Covid-19 smituðum. Uppfærð áætlun gerir nú ráð fyrir að gjörgæsludeildin við Hringbraut taki við gjörgæslusjúklingum þegar aðstaða í Fossvogi er fullnýtt.
36.	02.04.2020	Landspítali á hættustigi Hertari reglur gilda nú í matsölum Landspítala varðandi aðgengi. Því er beint til starfsmanna að neyta matar annars staðar en í þeim rýmum, ef nokkur kostur er.
37.	03.04.2020	Landspítali á hættustigi Fjórar legudeildir í Fossvogi sinna nú sjúklingum sem leggjast inn vegna Covid-19 eða vegna gruns um Covid-

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		19. Þá taka báðar gjörgæsludeildir spítalans við sjúklingum úr þessum hópi. Framkvæmdastjórar hjúkrunar og lækninga hafa stofnað aðgerðarhóp um gæða- og vísindastarf vegna COVID-19. Tilgangurinn er: 1. Að tryggja gæði umönnunar og meðferða COVID-19 sjúklinga eins vel og kostur er við þessar fordæmalausis aðstæður. 2. Að samhæfa og samnýta allar bjargir og alla aðferðarfræði við vísindarannsóknir, sem og að samhæfa alla samvinnu við aðrar innlendar og erlendar stofnanir og fyrirtæki hvað vísindarannsóknir á COVID-19 varðar.
38.	04.04.2020	Landspítali á hættustigi Farsóttanefnd og viðbragðsstjórn hafa nú beint þeim tilmælum til fæðingarþjónustunnar að takmarka frekar viðveru aðstanda fæðandi kvenna í fæðingarferlinu. Þannig er nú gert ráð fyrir að aðstandandi geti verið með hinni fæðandi konu í 1-2 klukkustundir fyrir fæðingu og 1-2 klukkustundir í kjölfar fæðingar. Farsóttanefnd og viðbragðsstjórn vilja upplýsa starfsmenn sem bíða niðurstöðu sýnatöku vegna Covid-19 að nokkur töf getur orðið á upplýsingum um neikvæðar niðurstöður sýna. Úrvinnsla gagna vegna jákvæðra niðurstaðna er í forgangi og starfsmenn geta gert ráð fyrir slíkum niðurstöðum innan eðlilegs tímaramma.
39.	05.04.2020	Landspítali á hættustigi Göngudeild Covid-19 hefur eftirlit með ríflega 1.000 einstaklingum sem smitaðir eru af veirunni. Stöðugt er unnið að framþróun þjónustunnar og í gær var undirritaður vinnslusamningur við fyrirtækið Sidekick health sem þróað hefur smáforrit (app) sem notað er við eftirlit með sjúklingum deildarinnar.
40.	06.04.2020	Landspítali á hættustigi Á Landspítala eru nú ríflega 100 börn í eftirliti á Barnaspítala Hringsins á göngudeild vegna Covid-19. Viðbragðsstjórn og farsóttanefnd vilja vekja athygli á fyrirlestri Valtýs Stefánssonar Thors sérfræðing í smitsjúkdómum barna um áhrif sjúkdómsins á börn.
41.	07.04.2020	Landspítali á hættustigi Viðbragðsstjórn og farsóttanefnd vilja árétta að nægar birgðir eru af hlífðarbúnaði á Landspítala eins og er. Ávallt þarf þó að hafa í huga að búnaður þessi er takmarkaður og mikil eftirspurn eftir honum á heimsvísu. Mikilvægt er að réttir aðilar noti réttan búnað og við réttar aðstæður. Spítalinn tekur þátt í tilraunaverkefni um endurnýtingu á tilteknum hlífðarbúnaði en ekki er gert fyrir að sá búnaður verði nýttur nema hann reynist algerlega öruggur og alvarlegur skortur verði á búnaði. Svo lágmarka megi smithættu á spítalanum hefur viðbragðsstjórn og farsóttanefnd lagt til að takmarka viðveru aðstandenda í fæðingarferlinu. Miða þarf við þann tíma sem kona er komin í svokallaða virka fæðingu og þar til um 2 klukkustundum þar til barnið er fætt. Það er háð mati starfsfólks á fæðingardeild Landspítala í hverju tilfalli fyrir sig hvenær tímabært er að leyfa aðstandenda að koma.
42.	08.04.2020	Landspítali á hættustigi Viðbragðsstjórn og farsóttanefnd brýnir enn fyrir starfsmönnum að virða fjöldatakmarkanir í matsölum sem og

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		reglu um tveggja metra fjarlægð milli einstaklinga. Vakinn er athygli á því að yfir páskahelgina býðst starfsmönnum sem þurfa sýnatöku vegna gruns um Covid-19 þjónusta starfsmannahjúkrunarfræðinga; á morgun skírdag, laugardaginn 11. apríl og annan dag páska (13. apríl).
43.	15.04.2020	Landspítali á hættustigi Viðbragðsstjórn og farsóttanefnd vilja benda á að í ljósi aðstæðna á heimsvísu verður í gildi út maímánuð sú ráðstöfun að ekki verður um að ræða neinar náms-, funda- eða ráðstefnuferðir starfsmanna til útlanda. Hafinn hefur verið undirbúningur að því að færa hluta starfsemi spítalans aftur til fyrri vegar, eftir því sem hægt er og viðeigandi. Starfsfólk verður upplýst um framgang þeirrar vinnu hér á þessum vettvangi og mun eðli máls samkvæmt taka þátt í þeirri vinnu en ákvarðanir um slíkt eru í höndum viðbragðsstjórnar og farsóttanefndar.
44.	16.04.2020	Landspítali á hættustigi Viðbragðsstjórn og farsóttanefnd hafa ákveðið að loka matsölum spítalans fyrir neyslu matar í matsal á Hringbraut og í Fossvogi. Afgreiðsla mótuneyta og kaffihúsa verður að öðru leyti óbreytt og unnt að sækja mat og aðrar vörur þangað.
45.	17.04.2020	Landspítali á hættustigi Aflétting heimsóknarbanns Landspítala er til skoðunar sem og önnur tilmæli og viðmið sem viðbragðsstjórn hefur sett vegna Covid-19 faraldursins. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum fyrr en eftir 4. maí og verður tilkynnt nánar eftir því sem ákvörðunum vindur fram.
46.	21.04.2020	Landspítali á hættustigi Ákvörðun viðbragðsstjórnar/farsóttanefndar um starfsemi Landspítala frá 4. maí Áréttað er að eftir sem áður gildir tveggja metra regla um fjarlægð milli fólks og ekki er leyfilegt að hafa meira en 50 manns samankomna í einu. Verklag um sóttvarnir gildir áfram. 1. Heimsóknarbann á Landspítala frá 4. maí nk. verður í meginatriðum með sama hætti og verið hefur frá 7. mars, þ.e. heimsóknir eru einungis leyfðar í sérstökum tilvikum sem starfsfólk viðkomandi deildar leggur mat á hverju sinni. Á líknardeild í Kópavogi hefur verið í gildi sérstakt verklag vegna heimsókna sem verður haldið áfram. Rýmkað verður um heimsóknir á Grensásdeild og þær leyfðar eftir kl. 16:00 á daginn (einn gestur í einu) en ávallt skal hafa samráð við starfsfólk. Fyrirhugað er að rýmka heimsóknarbann á Vífilsstöðum, Landakoti, líknardeild og á geðdeildum frá 18. maí. Forstöðumenn viðkomandi eininga munu vinna að þeirri útfærslu og kynna fljótlega eftir 4. maí. Ekki verður tekin ákvörðun um rýmkun heimsóknarbanns við Hringbraut og í Fossvogi fyrr en líður á maímánuð. 2. Sjúklingar sem fá meðferð á legudeildum, s.s. sýklalyf, geta verið heima milli meðferða. 3. Starfsmenn og nemendur mega fara á milli starfseininga og vinna á fleiri en einni starfsstöð á Landspítala. 4. Starfsmenn sem vinna á Landspítala og annarri stofnun er það heimilt nema önnur stofnun sé hjúkrunarheimili.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		5. Lagt er í hendur stjórnenda að meta hvar þarf að halda hópaskiptingu starfsmanna áfram. Nauðsynlegt er að áhættumeta viðkomandi starfsemi með hliðsjón af sérhæfingu, fjölda starfsmanna, eðli þjónustunnar og samsetningu sjúklingahópsins þar sem það á við. 6. Göngudeildir mega hafa opið í meira mæli en verið hefur en gæta þarf að því að ekki verði hópamyndun á biðstofum og tveggja metra reglan sé virt. Ekki er heimilt að nota snertiskjái og áfram skal nota snertilausar greiðslur. 7. Matsalir opnaðir að nýju. Áfram verður skammtað og afgreitt á deildir. 8. Tilmæli um að hitta ekki samstarfsmenn utan vinnu eru dregin til baka en ítrekað mikilvægi sóttvarna, tveggja metra regla og að forðast hópamyndun. 9. Kennsla, fundir, móttaka nema og sumarstarfsfólks skal miða við 50 manns og tveggja metra reglu. Klínískt nám á Landspítala má fara í fyrra horf með sömu fyrirvörum. Kennsla í hermisetri má hefjast að nýju með sérstöku fyrirkomulagi sem menntadeild hefur lagt upp. 10. Aðstandandi má vera viðstaddur allt fæðingarferlið en má ekki fylgja konu á legudeild eftir fæðingu, ekki fara í sameiginleg rými og gæta að fyllstu sóttvörnum meðan á dvöl stendur. Eftir sem áður gildir að aðstandanda er ekki heimilt að koma á spítalann hafi hann einkenni um öndunarfærasýkingu. 11. Rjóður opnað að fullu 4 maí.
47.	24.04.2020	Landspítali á hættustigi Aðstandandi má vera viðstaddur allt fæðingarferlið en má ekki fylgja konu á legudeild eftir fæðingu, ekki fara í sameiginleg rými og gæta að fyllstu sóttvörnum meðan á dvöl stendur. Eftir sem áður gildir að aðstandanda er ekki heimilt að koma á spítalann hafi hann einkenni um öndunarfærasýkingu. Þá er ástæða til að ítreka enn fremur að ekki er gert ráð fyrir að aðstandandi fylgi konu í fósturgreiningu. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þessum viðmiðunum fyrr en í síðari hluta maímánaðar.
48.	27.04.2020	Landspítali á hættustigi Til stóð að rýmka reglur um viðveru aðstandenda í fæðingarferlinu frá 4. maí. Við nánari athugun kemur í ljós að ekki er hægt að viðhalda 2 metra fjarlægð með góðu móti og því hefur verið ákveðið að halda óbreyttu vinnulagi en verður endurskoðað síðar í maímánuði. Þetta þýðir að: • Aðstandandi getur ekki fylgt konu sem þarfnast innlagnar t.d. í gangsetningu en getur komið þegar líður að fæðingu barns. • Aðstandandi getur ekki fylgt konu sem kemur í bókaðan tíma eða bráðakomu. Þetta á einnig við um komur í meðgönguvernd, gangsetningu og fósturgreiningu. • Aðstandandi getur ekki fylgt konu í valkeisara en getur komið og verið hjá móður og barni í 1-2 klst á meðgöngu- og sængurlegudeild eftir aðgerð/fæðingu barnsins. • Aðstandandi getur fylgt konu í fæðingu þegar hún er komin í

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		virka fæðingu og getur verið með henni fram yfir fæðingu barns og hefur möguleika á að dvelja með konu og barni í 1-2 tíma eftir fæðingu. • Aðstandandi getur ekki fylgt konu í sængurlegu. • Aðstandandi má ekki undir neinum kringumstæðum koma á spítalann ef hann hefur einkenni um að vera veikur. Mikilvægt er að hann virði 2 metra fjarlægðarmörk frá starfsfólki og fari eftir þeim leiðbeiningum sem hann fær við komu á deildina.
49.	29.04.2020	Landspítali á hættustigi Vakinn er athygli á því að frá 4. maí er starfsmönnum Landspítala heimilt að vinna á stofnunum utan spítalans og fara milli deilda spítalans. Sjá nánar á Covid-síðu spítalans.
50.	03.05.2020	Landspítali á hættustigi Landspítali áformar að breyta stigun úr hættustigi í óvissustig á morgun, 4. maí.
51.	04.05.2020	Landspítali á óvissustigi. Viðbragðsstjórn og farsóttanefnd hafa ákveðið að færa Landspítala af hættustigi á óvissustig (sjá viðbragðsáætlun). Formlegt starf viðbragðsstjórnar og farsóttarnefndar vegna Covid-19 heldur áfram að óbreyttu til 13.05.2020.
52.	05.05.2020	Landspítali á óvissustigi. Vegna fjölda fyrirspurna frá starfsmönnum Landspítala um hvernig eigi að bera sig að við að virða tveggja metra regluna vil farsóttanefnd koma eftirfarandi á framfæri: 1. Aðstaða starfsmanna Landspítala er víða með þeim hætti að ekki er mögulegt að halda 2 metrum á milli manna. Því áréttar farsóttanefnd mikilvægi þess að enginn komi veikur til vinnu, allir ástundi sóttvarnir af kappi og séu meðvitaðir um mikilvægi þess að takmarka fjölda í rýmum þegar þess er nokkur kostur. 2. Varðandi stöðumatsfundi á deildum/einingum þá eru þeir heimilaðir með sömu fyrirvörum enda standi þeir að öllu jöfnu skemur en 15 mínútur. 3. Varðandi aðra lengri fundi, s.s. deildarfundi þar sem ekki er unnt að halda tveggja metra reglu þá er ráðlagt að tvískipta fundum. 4. Varðandi samkomur utan vinnu þá gilda reglur sóttvarnarlæknis um hámark 50 manns og tveggja metra reglu.
53.	06.05.2020	Landspítali hefur verið færður af hættustigi á óvissustig vegna Covid-19. Af þeim ástæðum verður útgáfudögum tölulegra upplýsinga frá spítalanum vegna faraldursins fækkað. Frá byrjun mars hafa viðbragðsstjórn og farsóttanefnd Landspítala birt tölur daglega en á næstunni verða þær birtar sömu daga og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, sóttvarnalæknir og landlæknir halda kynningarfundu sína, þ.e. á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Tölurnar eru birtar á upplýsingavef spítalans.
54.	12.05.2020	Landspítali á óvissustigi. Farsóttanefnd Landspítala leggur til að hætt verði að nota hlífðarbúnað á bráðamóttökum, dag- og göngudeildum og öðrum einingum sem sinna ferlisjúklingum, nema tilefni sé til. Minnt á að alltaf skal vinna samkvæmt grundvallarsmitgát og meta þörf á notkun hlífðarbúnaðar við hvern skjólstæðing og ástunda handhreinsun þegar við á.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		Spritta þarf snertifleti milli sjúklinga og ætla tíma til þess í skipulögðum bókunum. Ef umhverfi er sýnilega óhreint þarf fyrst að þvo með sápuvatni og spritta þegar umhverfið er orðið þurrt. Rétt er að viðhalda tveggja metra reglunni eins og hægt er, liður í því er að setja merkingar í gólf með tveggja metra bili þar sem fólk bíður í röð og skapa svigrúm á biðstofum með því að fjarlægja/færa til stóla þar sem því verður við komið.
55.	13.05.2020	Landspítali á óvissustigi. Heimsóknir: - Frá 18. maí verða heimsóknir til sjúklinga í Fossvogi og við Hringbraut með þeim hætti að milli kl. 16:00 og 19:00 verður einum aðstandanda (og fylgdarmanni ef nauðsyn krefur) heimilt að heimsækja innliggjandi sjúklinga í að hámarki eina klukkustund. Deildir verða opnar á þessum tíma en annars læstar með aðgangsstýringu. Starfsfólki er heimilt að vísa fólki frá ef fleiri en einn gestur mætir í heimsókn (fylgdarmaður undanskilinn). - Frá 18. maí verða heimsóknir á Landakoti og Vífilstöðum með þeim hætti að milli kl. 16:00 og 18:00 verður einum aðstandanda (og fylgdarmanni ef nauðsyn krefur) heimilt að heimsækja innliggjandi sjúklinga í að hámarki 30 mínútur í senn. Deildir verða opnar á þessum tíma en annars læstar með aðgangsstýringu. Starfsfólki er heimilt að vísa fólki frá ef fleiri en einn gestur mætir í heimsókn (fylgdarmaður undanskilinn). Aðstandendur eru beðnir um að hafa samband við ritara viðkomandi legudeildar og gera áætlun um heimsóknir. - Á Grensásdeild verða leyfðar heimsóknir eins aðstandanda í einu frá kl. 16:00 til 18:00 eða kl. 18:00 til 20:00. - Á líknardeild í Kópavogi verða leyfðar heimsóknir frá kl. 13:00 til 20:00. Hver sjúklingur getur að hámarki fengið fjóra í heimsókn í einu. - Á geðdeildum við Hringbraut verða leyfðar heimsóknir eins í einu frá kl. 16:00 til 19:00, að öllu jöfnu 30 mínútur að hámarki. - Á Kleppi verða heimsóknir í samráði við starfsfólk viðkomandi deildar. - Í Rjóðri verða heimsóknir í samráði við starfsfólk. <u>Aðgengi:</u> Gert ráð fyrir að umferð um Landspítala Hringbraut og Landspítala Fossvog verði óhindruð eftir 18. maí en deildir verði áfram aðgangsstýrðar. Á tímabilinu kl. 16:00-19:00 verða legudeildir ólæstar og aðstandendum frjálst (einn gestur per sjúkling og eftir atvikum einn fylgdarmaður) að fara inn. Starfsfólki er heimilt að vísa fólki frá ef fleiri en einn (ásamt fylgdarmanni þar sem það á við) gestur mætir í heimsókn. Allir inngangar verði læstir nema þar sem sjúklingar eiga erindi en þeir inngangar verða takmarkað opið. Starfsfólki er bent á að nýta sér aðra aðgangsstýrða innganga en þá sem sjúklingar nota þar sem því verður við komið. Á þetta sérstaklega við fyrst á morgnana og síðdegis þegar flestir starfsmenn eru að koma til og fara úr vinnu.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
56.	13.05.2020	Landspítali á óvissustigi. Þau tímamót eru nú, 13. maí 2020, í baráttunni við Covid-19 að enginn sjúklingur liggur inn á Landspítala veikur af þessum sjúkdómi. Hins vegar eru 9 sjúklingar á spítalanum sem teljast ekki lengur vera með Covid-19 en eru að ná sér eftir að hafa orðið mikið veikir. Frá því snemma í mars hafa verið birtar á myndrænan hátt tölulegar upplýsingar um Covid-19 á Landspítala á vef spítalans. Þar sést ferillinn skýrt, hvernig sjúkdómurinn fór hægt af stað, hann nær síðan hámarki um mánaðamót mars og apríl og hefur síðan verið í rénun. Tölurnar hafa verið birtar í reglulegum tilkynningum viðbragðsstjórnar og farsóttanefndar Landspítala.
57.	15.05.2020	Landspítali á óvissustigi. Bókaðir tímar og bráðakomur á meðgönguvernd, fósturgreiningu og bráðapjónustu kvennadeilda, meðgöngu- og sængurlegudeild og fæðingarvakt. Konur sem eiga bókaðan tíma í fósturgreiningu (ómskoðun) mega hafa aðstandanda með sér í skoðuninni. Konur sem eiga tíma í meðgönguvernd mega hafa aðstandanda með sér í viðtöl og skoðanir. Við beinum þeim tilmælum til kvenna að hugleiða vel þörfina á því og aðeins koma með aðstandanda með sér í viðtöl ef þeim finnst það mjög mikilvægt. Ekki er hægt að hafa aðstandanda með í dagannareftirlit á 22-B. Konur sem fá tíma á bráðapjónustu 22B mega hafa með sér aðstandanda í viðtal og skoðun en vegna þrengsla á sumum skoðunarstofum getur verið að aðstandandi verði beðinn að bíða á biðstofu á meðan skoðun fer fram. Aðstandendur þurfa því að vera viðbúnir því að víkja af deildinni óski starfsfólks eftir því. Það sama gildir um bráðakomur á meðgöngu- og sængurlegudeild 22-A og skoðanir á fæðingarvakt 23-B, utan opnunartíma bráðapjónustu. Sængurlega Gildir á meðgöngu- og sængurlegudeild og fæðingarvakt. Maki má vera hjá sængurkonu eftir fæðingu. Gert er ráð fyrir að maki haldi sig sem mest inni á stofu hjá konunni og fari ekki í sameiginleg rými. Maki má gista, fær morgunmat og þarf að greiða gistigjald eins og hefur verið. Aðrar máltíðir þarf maki að kaupa sér í matsal LSH eða sjálfsala/kaffistofum. Ef maka vanhagar um eitthvað utan úr bæ, má biðja aðstandendur um að koma með það til viðkomandi og afhenda það í anddyri Kvennadeildar á 1. hæð. Maki getur ekki dvalið á deildinni ef konan liggur með annarri konu á stofu en getur komið í heimsókn milli kl. 16:00 og 19:00 í að hámarki eina klukkustund. Innlögn á meðgöngu og endurinnlögn eftir fæðingu Gildir á meðgöngu- og sængurlegudeild og fæðingarvakt. Aðstandandi getur ekki fylgt konum sem þurfa innlögn á meðgöngu og í aðdraganda fæðingar, s.s. vegna gangsetningar, verkjameðferðar eða sérstaks eftirlits. Sama gildir um endurinnlagnir eftir fæðingu.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		Samkvæmt reglum spítalans um heimsóknir frá 18. maí getur einn aðstandandi komið í heimsókn milli kl. 16:00 og 19:00 í að hámarki eina klukkustund. Hér er eingöngu átt við maka eða einn nán aðstandanda. Aðrar heimsóknir eru ekki leyfðar. Fæðing Gildir á fæðingarvakt og meðgöngu- og sængurlegudeild (valkeisarar) Einn aðstandandi getur verið hjá konu frá því að hún er flutt á fæðingarstofu. Einn aðstandandi getur fylgt konu í keisara, hvort sem er bráða- eða valkeisari. Eingöngu er hægt að leyfa einum aðstandanda að vera með konu í fæðingu, engar undantekningar verða leyfðar á því. Engar heimsóknir eru leyfðar á fæðingarvakt. Aðstandendur eru vinsamlegast beðnir um að: Virða 2 m fjarlægðarviðmið og víkja frá heilbrigðisstarfsfólki þegar verið er að sinna konu og barni. Spritta hendur við komu á deild og fylgja leiðbeiningum varðandi sóttvarnir. Nota ekki sameiginleg rými nema brýna nauðsyn beri til. Koma ekki á sjúkrahúsið ef þeir hafa einkenni sem gætu bent til COVID-19 sýkingar.
58.	22.05.2020	Frá bráðamóttökunni í Fossvogi: Vegna hættu á yfirálagi á sóttvarnir hefur verið ákveðið að bráðamóttakan á Landspítala Fossvogi sé lokað gestum nema í sérstökum undantekningartilfellum. Þetta gildir í óákveðinn tíma. Erfitt er að stjórna fjölda sjúklinga sem leita á bráðamóttöku hverju sinni. Börn yngri en 18 ára mega hafa með sér einn forráðamann. Vinsamlegast hafið samband við starfsfólk okkar ef óskað er eftir sérstökum undanþágum. Starfsfólk bráðamóttöku hvetur aðstandendur til að nýta sér tæknina og nota símtöl/myndsímtöl til samskipta við sjúklinga sem hjá okkur dvelja. Einnig er velkomið að hringja á deildina í síma 543 2000 og fá upplýsingar um sjúklinga en gæta þarf að því að sjúklingur skilgreinir sjálfur hver er hans nánasti aðstandandi, við hvern starfsmenn mega hafa samband og hvaða upplýsingar viðkomandi má fá.
59.	26.05.2020	Landspítali á óvissustigi. Framkvæmdastjórn Landspítala hefur ákveðið að hætt verði við fyrirhugaðar náms- og ráðstefnuferðir starfsmanna til annarra landa a.m.k. út ágústmánuð. Nýjar náms- og ráðstefnuferðir verði ekki samþykktar á því tímabili.
60.	04.06.2020	Landspítali á óvissustigi. Ákvörðun farsóttanefndar og viðbragðsstjórnar um heimsóknir á Landspítala til og með 31. ágúst 2020: 1. Heimsóknir til sjúklinga í Fossvogi og við Hringbraut eru með þeim hætti að milli kl. 16:00 og 19:00 verður einum aðstandanda (og

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		fylgdarmanni ef nauðsyn krefur) heimilt að heimsækja inniliggjandi sjúklinga í að hámarki eina klukkustund. Starfsfólki er heimilt að vísa fólki frá ef fleiri en einn gestur mætir í heimsókn (fylgdarmaður undanskilinn). 2. Heimsóknir til sjúklinga á Landakoti og Vífilstöðum eru með þeim hætti að milli kl. 16:00 og 19:00 er einum aðstandanda (og fylgdarmanni ef nauðsyn krefur) heimilt að heimsækja inniliggjandi sjúklinga í að hámarki eina klukkustund. Starfsfólki er heimilt að vísa fólki frá ef fleiri en einn gestur mætir í heimsókn (fylgdarmaður undanskilinn). Aðstandendur eru beðnir um að hafa samband við ritara viðkomandi legudeildar og gera áætlun um heimsóknir. 3. Á Grensásdeild geta tveir gestir komið í einu í heimsókn á tímabilinu 16:00 til 20:00. 4. Á líknardeild í Kópavogi eru leyfðar heimsóknir frá kl. 13:00 til 20:00. Hver sjúklingur getur að hámarki fengið fjóra í heimsókn í einu. 5. Á geðdeildum við Hringbraut eru leyfðar heimsóknir eins í einu í 30 mínútur í senn frá kl. 16:00 til 19:00. 6. Á Kleppi eru heimsóknir í samráði við starfsfólk viðkomandi deildar. 7. Í Rjóðri eru heimsóknir í samráði við starfsfólk. 8. Meðganga, fæðing og sængurlega – sjá hér 9. Bráðamóttaka í Fossvogi – sjá hér Undantekningar frá þessum heimsóknarreglum, t.d. hvað varðar fjölda gesta, eru ávallt gerðar í samráði við starfsfólk viðkomandi deildar og er þá tekið mið af aðstæðum hverju sinni.
61.	04.06.2020	Landspítali á óvissustigi. Frá farsóttanefnd og viðbragðsstjórn vegna ákvarðana um tilhögun á starfsemi sem hafa þegar tekið gildi eða taka nú gildi: 1. Heimilt er að opna aftur afgreiðslukassa á afgreiðsludeildum. 2. Nýta má öll sæti skutlu Landspítala. 3. Sundlaugin á Grensási hefur verið opnuð. 4. Sjúkraþjálfun getur tekið inn ferlisjúklinga og hóþþjálfun er heimil. Einnig má hópastarf á geðdeildum fara í eðlilegt horf. 5. Hætta má hópaskiptingum starfsmanna. 6. Engar fjöldatakmarkanir eru í gildi vegna fræðslu, kennslu og móttöku nýrra starfsmanna. 7. Ekki er þörf á að nota hlífðarbúnað á dag- og göngudeildum nema sjúklingur hafi einkenni sem geta samrýmt COVID-19 eða öðrum öndunarfærasýkingum og ekki er mögulegt að fresta komu hans. 8. Ítrekað er að í gildi er gæðaskjal varðandi skimun vegna COVID-19 fyrir aðgerðir og inngrip. 9. Framkvæmdastjórn Landspítala hefur ákveðið að hætt verði við fyrirhugaðar náms- og ráðstefnuferðir starfsmanna til annarra landa a.m.k. út ágústmánuð. Nýjar náms- og ráðstefnuferðir verði ekki samþykktar á því tímabili. Ávallt skal hugað að sóttvörnum; handhreinsun stunduð af kappi og tillit tekið til þeirra sem kjósa að halda fjarlægðarmörk.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
62.	12.06.2020	Landspítali á óvissustigi. Frá farsóttanefnd og viðbragðsstjórn Landspítala: Komufarþegar til Íslands eiga frá 15. júní 2020 kost á að fara í sýnatöku á landamærum í stað 14 daga sóttkvíar. Meðan það verður í boði gilda ákveðnar reglur á Landspítala. Í leiðbeiningum sóttvarnarlæknis til stofnana og fyrirtækja sem sinna ómissandi innviðastarfsemi er eindregið mælt með því að heilbrigðisstofnanir beiti áfram sérstökum sóttvarnarráðstöfunum eftir ferðir starfsmanna erlendis frá. Frá 15. júní 2020 gilda þær reglur á Landspítala að starfsmenn og nemendur á spítalanum sem koma erlendis frá (sjá skilgreind áhættusvæði) 15. júní eða síðar og skila neikvæðu sýni eftir að hafa valið sýnatöku vegna COVID-19 á landamærum geta komið til starfa með sérstökum skilyrðum (sóttkví C). Lýsing á tilgangi og framkvæmd sóttkvíar C er að finna í meðfylgjandi gæðaskjali. Þá gilda sérstakar ráðstafanir um sjúklinga sem leita til Landspítala og hafa komið erlendis frá síðustu 14 daga (sjá skilgreind áhættusvæði). Ef valið er að fara í sóttkví við komuna til landsins þá helst hún í 14 daga svo framarlega sem viðkomandi sé einkennalaus. Ef farið er í sýnatöku á landamærum og sýni er neikvætt og engin einkenni koma fram sem geta bent til COVID-19 þá fer viðkomandi í sóttkví á spítalanum. Ef viðkomandi hefur einkenni er hann settur í einangrun og tekið nýtt sýni. Nánari lýsingu á þessu verklagi er að finna í meðfylgjandi gæðaskjali um skimun. Þeim eindregnu tilmælum er beint til gesta að heimsækja ekki veika aðstandendur á spítalann fyrr en 14 dögum eftir heimkomu erlendis frá. Ef aðstæður eru þannig að heimsókn er metin mikilvæg þá er heimsóknargestur beðinn um að vera með skurðstofufgrímu og spritta hendur. Þetta gildir aðeins að því gefnu að viðkomandi hafi engin einkenni sem geta bent til COVID-19 eða hafi umgengist einstakling með sjúkdóminn á síðustu 14 dögum.
63.	18.06.2020	Landspítali er nú á óvissustigi vegna farsóttar Covid-19. Í því felst að farsóttanefnd starfar í umboði viðbragðsstjórnar og er tengiliður við sóttvarnalækni. Sá háttur hefur þó verið hafður á í kjölfar Covid-19 faraldursins í vor að viðbragðsstjórn og farsóttanefnd fundar reglulega, a.m.k. einu sinni í viku. I. Helstu verkefni þessarar viku hafa verið á borði COVID göngudeildar í samvinnu við farsóttanefnd. Göngudeildin hefur eftir sem áður eftirlit með þeim sem greinast með COVID-19 en eftir að skimun hófst á landamærum tekur hún við öllum sem skila jákvæðu sýni og gengur úr skugga um hvort um virkt smit er að ræða eða hvort viðkomandi hafi mótefni gegn COVID-19 og sé ekki álitinn smitandi. Unnið er í nánú samstarfi við sóttvarnarlækni, smitakningateymi, lögreglu, heilbrigðisumdæmin og fleiri aðila. Fram að þessu hefur aðeins greinst eitt virkt smit í landamæraskimun en áður höfðu greinst þrjú virk smit í samfélaginu. Fjórir hafa reynst hafa mótefni og eru

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		útskrifaðir úr eftirliti. II. Eindregið er mælt til þess að starfsfólk Landspítala sé vel á verði gagnvart COVID-19. Mikilvægt er að gæta vel að sóttvörnum, ástunda handhreinsun af kappi, vera heima ef lasleika verður vart og láta taka sýni ef minnsti grunur er um COVID-19. Þá er minnt á að starfsfólk sem kemur erlendis frá og skilar neikvæðu sýni á landamærum fer í sóttkví C, sjúklingar sem leggjast inn á spítalann og hafa skilað neikvæðu sýni fara í sóttkví nema þeir hafi einkenni; þá er beitt einangrun og sýnatöku. Gestir eru beðnir um að koma ekki í heimsókn í 14 daga eftir heimkomu frá útlöndum en hægt er að veita undanþágu og þarf þá viðkomandi að vera með öllu einkennalaus, hafa skurðstofugrímu og spritta hendur. Sjá nánar reglur á Landspítala frá 15. júní vegna sýnatöku á landamærum III. Farsóttanefnd og viðbragðsstjórn hafa þungar áhyggjur af yfirvofandi verkfalli hjúkrunarfræðinga sem að öllu óbreyttu hefst 22. júní. Það getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á þann þátt starfseminnar sem lýtur að faraldrinum auk allrar annarrar starfsemi Landspítala.
64.	26.6.2020	Landspítali á óvissustigi. Áréttingar vegna harðari aðgerða á Landspítala gagnvart þeim sem koma erlendis frá og skila neikvæðu sýni á landamærum. Sjúklingar skulu sæta sóttkví í 14 daga eftir heimkomu og sama gildir um starfsmenn og nemendur sem koma frá svæðum utan Schengen
65.	29.6.2020	Landspítali á óvissustigi. Um pöntun á hlífðarbúnaði eftir að millilagerar á Landakoti, Hringbraut og Fossvogi voru fjarlægðir.
66.	7.7.2020	Landspítali á óvissustigi. Starfsmenn sem fara erlendis þrátt fyrir tilmæli sóttvarnalæknis um annað eiga að fara í tvær sýnatökur og sóttkví í 5 daga á milli – á eigin kostnað.
67.	14.7.2020	Landspítali á óvissustigi. Breytingar á sóttkví starfsmanna sem koma yfir landamæri vegna breytinga á sóttkví í samfélaginu (heimkomusmitgát)
68.	20.7.2020	Landspítali á óvissustigi. Frekari áréttingar um reglur vegna komu yfir landamæri (sjúklingar, starfsmenn) vegna tíðra breytinga á reglum í samfélaginu.
69.	20.7.2020	Landspítali á óvissustigi. Uppfærsla á gæðaskjali vegna farþega sem greinist jákvæður á landamærum (Covid göngudeild).
70.	20.7.2020	Landspítali á óvissustigi. Fréttir um vinnslu landamærasýna sem var alfarið flutt til sýkla- og veirufræðideildar 19.7.2020.

71.	29.7.2020	BYLGJA 2 – Farsóttanefnd og viðbragðsstjórn bregðast við fjölgun Covid-19 tilfella í 8 liðum: 1. Skimunarspurningar ítrekaðar 2. Ítrekun með smáskilaboðum til þeirra sem eiga bókaðan tíma að koma ekki ef með einkenni eða í sóttkví 3. Starfsmenn í móttöku sjúklinga skulu bera skurðstofugrímu þar til Covid
-----	-----------	---

		hefur verið útilokað - Reglur um starfsmenn sem koma erlendis frá ítrekaðar (tvær sýnatökur með 5-7 daga millibili og sóttkví C í 14 daga frá heimkomu) - Tveggja metra fjarlægð ítrekuð ásamt handhreinsun og að sjúklingar komi án fylgdarmanna ef því verður við komið - Sjúklingar sem koma erlendis frá skal meðhöndla í sóttkví í 14 daga eftir heimkomu - Aðstandendur sem koma erlendis frá beðnir að fresta heimsókn þar til 14 dagar eru liðnir frá heimkomu. Undanþágur veittar með skilyrðum - Aðgengi að Landspítala takmarkað að nýju og heimsóknartími takmarkaður við tímabilið frá kl. 16-18. Undanþágur veittar í sérstökum tilvikum. Deildum heimilt að þrengja heimsóknartíma frekar Tekur gildir 30. júlí 2020
72.	30.7.2020	Landspítali færður á hættustig og unnið skv. viðbragðsáætlun þar um.
73.	31.7.2020	Landspítali á hættustigi. Grímuskylda sett á ef ekki hægt að uppfylla 2ja metra fjarlægðamörk. Heimsóknartíma breytt í 16:30-18:30, einn gestur í einu með grímu. Snertiskjám lokað og gjaldkerar skulu bera grímu. Deildir sem veita sérhæfða þjónustu hvattar til að skoða vinnuskipulag með hliðsjón af því að ekki verði þjónustubrestur ef Covid greinist hjá starfsmanni (hópaskipting).
74.	4.8.2020	Landspítali á hættustigi. Stöðumatsfundum streymt á Workplace vegna viðbúnaðar á hættustigi.
75.	7.8.2020	Landspítali á hættustigi. Aukinn viðbúnaður vegna útbreiðslu smita. Smitsjúkdómadeildin útbúin til að taka við fleiri Covid sjúklingum. Einn á gjörgæslu í öndunarvél og 108 í eftirliti Covid göngudeildar.
76.	10.8.2020	Landspítali á hættustigi. Sjúkratryggingar breyta samningi við ljósmæður þannig að 5 daga skoðun nýbura geti farið fram í heimahúsum í stað Landspítala. Nýburalæknar styðja við með símaráðgjöf.
77.	14.8.2020	Landspítali á hættustigi. Veggspjald um örugga notkun skurðstofugríma kynnt.
78.	17.8.2020	Landspítali á hættustigi. Breyttar reglur um heimasóttkví starfsmanna eftir komu erlendis frá í kjölfar breyttra reglna sóttvarnalæknis um komu yfir landamæri (tvær sýnatökur og sóttkví á milli). Starfsmenn þurfa að hlíta þessu og koma ekki til vinnu fyrr en seinna sýni hefur verið svarað neikvæðu. Þá geta þeir komið og unnið í sóttkví C þar til 14 dagar eru liðnir frá heimkomu.
79.	18.8.2020	Landspítali á hættustigi. Kynntar bakvaktir starfsmannahjúkrunarfræðinga til að veita ráðgjöf um sýnatöku starfsmanna og taka sýni ef þörf krefur.
80.	19.8.2020	Landspítali á hættustigi. Sóttkví B2 kynnt til sögunnar. Notuð ef vinnuframlag starfsmanns í heimasóttkví eftir komu yfir landamæri er nauðsynlegt. Eitt neikvætt sýni við heimkomu og svo sérstök varúð þar til seinna sýni hefur verið svarað. Verklag skjalfest í gæðaskjali.
81.	19.8.2020	Landspítali á hættustigi. Frekari árétting um sóttkví B2, um grímunotkun og að allar reglur sem varða starfsmenn gildi um nemendur einnig.
82.	21.8.2020	Landspítali á hættustigi. Tilkynnt um að skurðstofugrímur sem ekki eru vottaðar og CE merktar hafi farið í umferð á Landspítala og fleiri heilbrigðisstofnunum. Unnið að því að kalla þessa vöru til baka.
83.	24.8.2020	Landspítali á hættustigi. Grímuskylda áréttuð og að hún eigi einnig við þá sem hafa fengið Covid-19. Tveggja metra regla í matsölum áréttuð og tilkynnt um

		fækkun borða og stóla til þess að auðvelda þá framkvæmd.
84.	27.8.2020	Landspítali á hættustigi. Árétting um gildandi reglur um sóttkví sjúklinga eftir komu yfir landamæri. Einnig árétting um hlífðarbúnað sem nota skal í sóttkví og þegar sjúklingur er grunaður um eða með staðfest Covid smit.
85.	28.8.2020	Landspítali á hættustigi. Starfsmannahjúkrunarfræðingar sjá nú um að bóka starfsmenn í sýnatökur en þær eru framkvæmdar í Birkiborg. Spurningu varðandi sýnatöku hjá heimilismeðlimi svarað – starfsmaður skal vera í úrvinnslusóttkví ef heimilismaður fer í einkennasýnatöku og henni léttir ekki fyrr en sýni hefur verið svarað neikvæðu.
86.	31.8.2020	Landspítali á hættustigi. Landspítali færður á óvissustig af hættustigi frá og með 1.september. Helstu ástæður eru góð staða í samfélaginu, enginn inniliggjandi sjúklingur með Covid, verkefni Covid göngudeildar í jafnvægi. Heimsóknarreglur verða rýmkaðar, snertiskjáið heimilir að nýju. Áfram grímuskylda þegar ekki hægt að tryggja tveggja metra fjarlægð.
87.	1.9.2020	Landspítali á óvissustigi. Tilkynnt um að ekki verði boðið upp á heilsurækt starfsmanna eða jóga vegna sóttvarnasjónarmiða.
88.	4.9.2020	Landspítali á óvissustigi. Tilkynnt um fyrirhugaðar breytingar SVL á samkomum og fjarlægðamörkum frá og með 7. sept (eins meters regla). Tilkynt að útfærsla innan Landspítala verði kynnt þann dag og fólk beðið um að halda óbreyttu fyrirkomulagi þangað til.
89.	7.9.2020	Landspítali á óvissustigi. Tilkynning skv. lið 88 um nálægðamörk (einn meter), grímunotkun (nánari útfærsla á grímuskyldu), sóttkví (óbreytt) og leyfi sjúklinga (heimil með skilyrðum).
90.	16.9.2020	Landspítali á óvissustigi. Stytting sóttkvíar starfsmanna vegna útsetningar úr 14 dögum í 7, síðan sótt um sóttkví C í aðra 7 daga. Sjúklingar áfram í 14 daga sóttkví á spítalanum. Útfærsla vegna gesta kynnt.
91.	17.9.2020	Landspítali á óvissustigi. Mjög ákveðin brýning til starfsmanna um grímunotkun.
92.	18.9.2020	Landspítali á óvissustigi. Tilkynnt um áhyggjur farsóttanefndar og viðbragðsstjórnar vegna fjölgunar smita. Ekki ástæða til að breyta viðbúnaðarstigi en fjölmargar reglur áréttáðar s.s. um grímunotkun, sóttkví, úrvinnslusóttkví, sýnatökur o.fl.